

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. júní 2020

Mál nr. E-6358/2019:

**A**

(Óðinn Elísson hrl.)

**gegn**

**TM hf.**

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

## Dómur

### I.

Mál þetta, sem var dómtekið 27. maí sl., var höfðað með stefnu birtri 11. nóvember 2019, af A, [...], Reykjavík, á hendur Tryggingamiðstöðinni hf., Síðumúla 24, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkenndur verði réttur hans til greiðslu bóta úr hendi stefnda, Tryggingamiðstöðvarinnar hf., á grundvelli slysatryggingar launþega N1 vegna líkamstjóns af völdum vinnuslyss sem stefnandi varð fyrir þann 11. febrúar 2016. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu, auk greiðslu málskostnaðar.

### II.

#### 1.

Í máli þessu greinir aðila á um hvort stefnandi hafi orðið fyrir slysi er sé bótaskyldt úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi stefnanda, N1 ehf., hafði keypt fyrir starfsmenn sína hjá stefnda.

Atvikið sem um er deilt átti sér stað 11. febrúar 2016, þegar stefnandi var að færa til olútunnu sem hann var að flytja til viðskiptavinar. Stefnandi er einn til frásagnar um atvikið. Í stefnu lýsir hann því þannig að hann hafi verið að rúlla tunnunni til hliðar með báðum höndum til þess að færa hana inn á mitt vörubretti sem tunnan stóð á. „Að sögn stefnanda brotnaði þá spýta í vörubrettinu sem varð til þess að tunnan hafi byrjað að falla út að hlið bifreiðarinnar [...]“. Þegar tunnan hafi fallið hafi þungi hennar lent á vinstri hendinni og orsakað töluverðan hnykk. Við það hafi hann fundið eins og rafstraumur færi fram í handlegginn og honum hafi liðið eins og eitthvað hefði slitnað eða gefið sig.

Stefnandi hafi mætt í vinnu daginn eftir atvikið og hafi þá fundið að hann gat ekki notað vinstri handlegginn.

## 2.

Daginn eftir atvikið, 12. febrúar 2016, leitaði stefnandi á bráðadeild Landspítala. Í bráðamóttökuskrá er atvikum lýst þannig að stefnandi hafi fengið „skyndilegan verk í vi. upphandlegg þegar hann var að reyna á handlegginn. Fannst eitthvað gefa sig, eftir það mar og erfitt með að hnykla biceps vöðvann.“

Í ráðgjafarnótu bæklunarskurðlækninga sem einnig er dagsett 12. febrúar 2016 segir svo:

Þetta gerist þegar A er að flytja 200 l olíutunnu af palli. Honum finnst eins og hendin sé að fara að klemmast milli tunna og kippir hendinni til og finnur þá mikinn verk í hendinni. Verður strax soldið bólgin. Svo í dag er hann að vinna og er að beita vi hendi þegar hann finnur aftur mikinn sting í upphandleggnum.

Atvikið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins 17. ágúst 2016 og var því lýst svo:

Var að færa til olíutunnu þegar tunnan fellur til baka og þá ætlar A að halda við tunnuna en fær slink á handlegginn og við það hefur hann rifið vöðva. Fer til læknis daginn eftir og tekur því rólega fyrst um sinn og mætir síðan til vinnu en verkurinn ágerist með tímanum og í maí leitar hann til læknis og þá kemur í ljós rifinn vöðvi og skaddaðar sínar.

Í sjúkradagpeningavottorði, dags. 27. janúar 2017, segir m.a. svo: „Þungur burður í vinnu og fékk skyndilega verk.“

Í læknisvottorði, dags. 3. maí 2017, segir svo: „A fékk skyndilegan verk í vi öxl við vinnu sína við að hreyfa tunnu. Hann fór strax samdægurs á Slysadeild og var skoðaður þar og staðfest bæði með ómun og rtg [...]“.

## 3.

Með tölvuskeyti, dags. 3. ágúst 2017, var atvikið tilkynnt stefnda. Með bréfi, dags. 5. september 2017, hafnaði stefndi bótaskyldu á þeim grundvelli að atvikið félli ekki undir skilgreiningu slyshugtaksins þar sem ekki hefði verið um neinn utanaðkomandi atburð að ræða sem olli meiðslum stefnanda. Stefnandi bar synjun stefnda undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá stefnda, þar sem gögn málsins bentu til þess að líkamsmeiðsli stefnanda yrðu rakin til innra ástands og/eða

ofreynslu en ekki utanaðkomandi atburðar eins og kveðið væri á um í skilmálum tryggingarinnar. Gæti því ekki stofnast bótaréttur úr slysatryggingunni.

4.

Stefnandi óskaði eftir því að Þorvaldur Ingvarsson bæklunarlæknir legði mat á tímabundna og varanlega læknisfræðilega örorku hans vegna atviksins. Samkvæmt matsgerð læknisins, dags. 27. mars 2019, er varanlegur miski stefnanda metinn 8 stig.

Í matinu er fjallað um orsakatengsl á milli vinnuslyssins 11. febrúar 2016 og einkenna stefnanda og komst læknir m.a. að þeirri niðurstöðu að „áverki sá er A hlaut af því að grípa undir olíutunnu þann 11.02.2016 hafi valdið því að löngu sin tvíhöfða hafi slitnað í vinstri öxl. Áverkinn sem slíkur er til þess fallinn að geta valdið sliti sem þessu.“

Með matsbeiðni, dags. 29. ágúst 2019, á grundvelli 1. mgr. 77. gr. og XII. kafla laga nr. 91/1991, óskaði stefnandi eftir því að dómkvaddur yrði matsmaður til að leggja mat á og svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvort einkenni þau sem matsbeiðandi hefur í dag megi rekja til slyssins 11.02.2016.

Ef einkenni má rekja til slyssins:

2. Hvert er tímabil tímabundins missis starfsorku matsbeiðanda?

3. Hver er varanleg læknisfræðileg örorka matsbeiðanda, metin í hundraðshlutum samkvæmt töflu örorkunefndar um miskastig sem er í gildi þegar örorkumat fer fram?

Í þinghaldi 15. nóvember 2019 var Sigurður Thorlacius, heila- og taugalæknir, dómkvaddur til að sjá um umbeðið mat samkvæmt fyrirliggjandi matsbeiðni.

Í samantekt og niðurstöðum matgerðarinnar segir m.a. svo:

Varanlegar heilsufarslegar afleiðingar slyssins verða raktar til áverka á tvíhöfðavöðvanum í vinstri upphandleggnum með viðvarandi verkjum í vinstri öxl og upphandlegg sem aukast við álag, eymslum og hreyfiskerðingu í öxlinni, eymslum í tvíhöfðavöðvanum og talsvert skertum krafti við beygju við olnbogann. Auk þess hefur matsbeiðandi verk í hægri öxlinni, sem a.m.k. að hluta verða raktir til aukins álags þar vegna þess að matsbeiðandi hlífir vinstri griplimnum, en verða ekki raktir til slyssins þann 11.02.2020 sem slíks. Framangreind einkenni matsbeiðanda í vinstri griplim verða hins vegar rakin til þessa slyss.

5.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dóminum. Þá gaf símaskýrslu dómkvaddur matsmaður, Sigurður Thorlacius, heila- og taugalæknir.

Stefnandi lýsti starfi sínu fyrir dóminum. Það hafi falist í því að aka vörum til viðskiptavina. Um hafi verið að ræða hinar ýmsar vörur og mikið af brettavörum, þ. á m. smurolífutunnur. Atvikinu umræddan dag í febrúar 2016 lýsti hann þannig að hann hefði notað rafmagnstjakk til að færa vörur til. Þegar brettið hafi verið komið inn í bílinn þá hafi hann þurft að færa olífutunnuna út í hlið til þess að „strappa“ hana fasta svo að hún væri ekki laus í bílnum. Hann hafi verið að færa tunnuna „þegar sennilega kemur brestur í brettið í einni spýtunni“. Þegar tunnann hafi farið að skella til baka í átt að járninu, þá hafi hann kippt í hana til þess að verða ekki á milli með fingurna því að hugsunin hafi allan tímann verið sú að verða ekki með fingurna á milli. Hann hafi kippt tunnunni til baka og fengið þá verk í handlegg og straum langt fram í hann. Tunnan hafi í framhaldinu verið dálítið skökk á brettinu en hann hafi keyrt hana þannig út úr bílnum á brettinu og skilað henni. Hann kvaðst hafa haldið utan um tunnuna með báðum höndum og hnykkur hefði komið þegar tunnann skall til baka.

Stefnandi tók einnig fram að hann hefði starfað hjá fyrirtækjunum Bílanausti og N1 frá árinu 1998. Hann kvaðst aldrei hafa lent í svipuðu atviki og hann lenti í umræddan dag, að tunna byrjaði að falla. Hann væri búinn að flytja fjölda tunna áður og sambærilegt hefði aldrei gerst áður og honum hefði aldrei dottið í hug að þetta gæti gerst. Hann muni ekki alveg hvað hafi orðið til þess að tunnann byrjaði að falla en það hafi heyrst smellur, og hann hafi ekki kannað það sérstaklega, „en það brotnaði ein spýtan eða brást einhvern veginn,“ þannig að tunnann hafi farið að skella til baka og fyrsta hugsun hans hafi verið að bjarga fingrunum og hann hafi þá kippt henni aftur á móti. Átakið hafi verið mikið.

Spurður nánar um brest í brettinu kvaðst stefnandi hafa heyrt brest í því og um leið og það gerðist, þá hafi tunnann farið af stað. Kvað stefnandi telja víst að spýtan hefði brotnað eða komið brestur í hana vegna þess að þetta væri í eina skiptið sem eitthvað svona hefði gerst. Spurður hvort hann hefði skoðað brettið og sagt einhverjum frá því sem gerðist umræddan dag, þá kvaðst stefnandi hvorki hafa skoðað brettið né sagt einhverjum frá því að það hefði brotnað. Stefnandi kvaðst hafa sagt vinnuveitanda sínum frá því að þetta hefði gerst en hann héldi að brettið hefði aldrei verið skoðað því að hann hefði alltaf ætlað að halda áfram að vinna. Hann kvaðst þó „halda“ að hann hefði örugglega sagt vinnuveitanda sínum að brettið hefði brotnað. Hann myndi það þó ekki því að ekki hefði

annað staðið til en að hann færi að vinna. Þegar hann skilaði tunnunni af sér til kaupanda, þá hefði hann ekki losað hana af brettinu. Hann hafi bara keyrt hana inn til kaupandans.

### III.

#### 1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda á því að vinnuslys það sem hann varð fyrir þann 11. febrúar 2016 sé bótaskyldt úr slysatryggingum launþega nr. 380 sem voru í gildi á slysdegi. Er byggt á því að slysið uppfylli öll hugtaksskilyrði slyshugtaks váttryggingaréttar og skilmála stefnda, sbr. grein 1.4, þ.e. að slysið hafi orðið af *völdum skyndilegs utanaðkomandi* atburðar sem hafi *valdið honum meiðslum án vilja hans*.

Stefnandi byggir á því að sá utanaðkomandi atburður sem olli slysinu hafi verið hin þunga olíutunna sem hafi skyndilega byrjað að falla og þar með hreyfast úr stað þegar spýtur úr vörubretti brotnuðu undan henni. Hann hafi fengið slink á vinstri handlegg með þeim afleiðingum að hann sleit sin í upphandleggsvöðva. Hið skyndilega fall tunnunnar hafi orsakað breytt álag á handlegginn og hafi valdið honum alvarlegum áverka. Atvikið hafi sannanlega verið án vilja stefnanda og þá liggi fyrir að hann hafi hlotið alvarlegan áverka. Slysið falli því undir slyshugtak váttryggingaréttar. Þá leggur stefnandi áherslu á að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að rekja megi áverka hans til veikleika eða hrörnnunar í líkama hans.

Stefnandi leggur á það áherslu að í tilkynningum og gögnum málsins sé það staðfest að stefnandi hafi verið að færa 200 lítra olíutunnu í aðdraganda slyssins og að tunnan hafi skyndilega byrjað að falla/hreyfast. Þá komi einnig fram í umræddum gögnum að stefnandi hafi annaðhvort gripið í eða ætlað að halda við tunnuna þegar slysið átti sér stað. Telur stefnandi að þegar gögn málsins séu skoðuð heildstætt, þá hafi nægilega verið sýnt fram á að orsök slyssins megi rekja til hreyfingar tunnunnar þegar stefnandi hélt í hana sem hafi leitt til þess að hann fékk slink á handlegginn. Þungi tunnunnar þegar hún byrjaði að renna hafi orsakað áverkann.

Stefnandi vísar einnig til þess að umsókn hans um bætur úr slysatryggingum almannatrygginga hafi verið samþykkt með bréfi frá Sjúkratryggingum Íslands, dags. 7. desember 2016, og það hafi þýðingu í málinu, þar sem stuðst hafi verið við slyshugtak váttryggingaréttar og slyshugtak almannatryggingaréttar, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015.

## 2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi krefst þess að samtímalýsingar stefnanda á atvikinu verði lagðar til grundvallar og að atvikið hafi gerst með þeim hætti að stefnandi *hafi fengið skyndilegan verk í vi. upphandlegg þegar hann var að reyna á handlegginn.*

Stefndi vísar til greinar í 1.4 í skilmála 380, Slysaftrygging launþega, þar sem hugtakið slys sé skilgreint á eftirfarandi hátt:

Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vaftryggðs og gerist sannanlega án vilja hans.

Stefndi vísar til vottorða sem lýsa atvikinu. Tekur stefndi fram að í bráðamóttökuskra 12. febrúar 2016 sé atvikinu lýst þannig:

A er 57 ára gamall kk sem fékk skyndilegan verk í vi. upphandlegg þegar hann var að reyna á handlegginn. Fannst eitthvað gefa sig, eftir það mar og erfitt með að hnykla biceps vöðvann.

Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins 17. ágúst 2016, hálfu ári eftir atvikið, sé því lýst þannig:

Var að færa til olútunnu þegar tunnan fellur til baka og þá ætlar A að halda við tunnuna en fær slink á handlegginn og við það hefur hann rifið vöðva. Fer til læknis daginn eftir og tekur því rólega fyrst um sinn og mætir síðan til vinnu en verkurinn ágerist með tímanum og í maí leitar hann til læknis og þá kemur í ljós rifinn vöðvi og skaddaðar sínar.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands 7. desember 2016 sé atvikinu lýst þannig:

Var að færa olútunnu og þegar tunnan fellur til baka þá ætlar A að halda við tunnuna en fær slink á handlegg og við það hefur hann rifið vöðva.

Tekur stefndi fram að tvær síðastnefndu tilkynningarnar beri með sér að slinkur hafi komið á handlegg stefnanda áður en hann hóf affermingu tunnunnar. „Þá ætlar A að halda við.“

Í læknisvottorði Hjörleifs Skorra Þormóðssonar, dags. 27. janúar 2017, segi m.a., „Þungur burður í vinnu og fékk skyndilega verk.“

Í læknisvottorði Böðvars Arnar Sigurjónssonar, dags. 3. maí 2017 segi svo: „A er að færa smurolíutunnu, þegar finnur skyndilega mikinn verk í vi. öxl með straumtilfinningu.“

Stefndi tekur fram að atvikalýsingin hafi síðar tekið á sig nýja mynd og í örorkumati Þorvaldar Ingvasonar, dags. 27. mars 2019, sé atvikinu lýst þannig.

A var við vinnu sína hjá N1 við útkeyrslu og var hann aftur í sendiferðabíl og var að færa til olíutunnu. Var að sögn hans um 200 kg. tunnu að ræða og var hann að koma henni upp á vörubretti sem var í bílnum en svo illa vildi til að spýta í brettinu brotnar við þunga tunnunnar og virtist honum tunnan ætla að renna til og detta. Grípur hann í tunnuna með vinstri hendi. Fann hann eitthvað bresta í öxlinni við það og varð hálf máttlaus í hendinni eftir það.

Þessi lýsing, sem gefin sé þremur árum eftir atvikið, eigi enga stoð í eldri vottorðum eða tilkynningum. Aldrei áður hafi verið minnst á að spýta í vörubretti hefði brotnað og með einhverjum hætti valdið tjóni. Á þessari lýsingu sé einnig byggt í stefnu og enn frekar sé bætt í. Stefndi telur að hafna beri þessum síðari tíma lýsingum enda séu þær í miklu ósamræmi við það sem stefnandi byggði á í samskiptum sínum við stefnda á fyrri stigum.

Þegar stefnandi hafi borið mál sitt undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum 8. febrúar 2018 hafi aðdragandi atviksins verið talinn að fullu upplýstur á grundvelli þeirra vottorða og tilkynninga sem fylgdu málskotinu.

Til stuðnings sjónarmiðum sínum vísar stefndi enn fremur til álits úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, en þar segi svo:

Í skilmálum slysatryggingarinnar kemur fram að með orðinu slyss sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Óumdeilt er að M [stefnandi] slasaðist þann 11.2.2016 þegar hann var að færa olíutunnu af palli bifreiðar. Af gögnum málsins, þ.m.t. lýsingu M [stefnanda] á atvikum og upplýsingum úr bráðamóttökuskrá Heilsugæslunnar í Salahverfi verður ekki séð að atvik í máli þessu séu hliðstæð þeim sem um ræðir í dómi Hæstaréttar í máli 412/2011. Hefur hann því ekki fordæmisgildi í máli þessu. Við heildstæða skoðun á gögnum málsins benda þau hins vegar eindregið til þess að líkamsmeiðsli M [stefnanda] verði rakin til innra ástands og/eða ofreyrslu en ekki utanaðkomandi atburðar eins og kveðið er um í skilmálum tryggingarinnar. Getur því ekki stofnast bótaréttur úr slysatryggingunni. Niðurstaða. M [stefnandi] á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V [stefnda].

Stefndi bendir á að það sé meginregla í íslenskum skaðabótarétti að tjónþoli verði að sanna tjón sitt og hvernig tjónið atvikaðist. Í tilviki stefnanda verði hann að sýna fram á að tjónsatvikið falli undir þær tryggingar sem vinnuveitandi hans hafi keypt hjá stefnda. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að tjónsatvikið verði rakið til utanaðkomandi atviks og falli þar með undir váttryggingarskilmála stefnda. Með vísan til alls framangreinds beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

#### IV.

Í máli þessu er deilt um hvort stefnandi hafi orðið fyrir slysi er sé bótaskyld úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi stefnanda hafði keypt fyrir starfsmenn sína hjá stefnda. Stefnandi heldur því fram að hann hafi orðið fyrir slysi en stefndi, sem veitt hafði vinnuveitanda stefnanda slysatryggingu, hafnar greiðslu slysabóta þar sem ekki hafi verið um að ræða slys.

Í skilmálum slysatryggingar launþega nr. 380, sem vinnuveitandi stefnanda var með í gildi hjá stefnda, kemur fram í grein 1.4 að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Í málinu greinir aðila á um hvort líkamstjón stefnanda verði rakið til utanaðkomandi atburðar í skilningi þessarar greinar váttryggingaskilmálanna.

Sönnunarbyrðin um að öll hugtaksskilyrði slyshugtaksins séu uppfyllt hvílir á þeim sem heldur því fram að slys hafi átt sér stað, þ.e. stefnanda í máli þessu. Stefnandi er einn til frásagnar um það sem gerðist umræddan dag. Við mat á gögnum málsins telur dómurinn að einkum beri að leggja til grundvallar lýsingar á atvikinu sem fram koma í frumgögnum þess.

Í bráðamóttökuskrá, dags. 12. febrúar 2016, daginn eftir slysið, er atvikum lýst þannig að stefnandi hafi fengið „skyndilegan verk í vi. upphandlegg þegar hann var að reyna á handlegginn. Fannst eitthvað gefa sig, eftir það mar og erfitt með að hnykla biceps vöðvann.“ Í ráðgjafarnótu bæklunarskurðlækninga, sem er dagsett sama dag, er atvikinu lýst þannig „Þetta gerist þegar A er að flytja 200 l olíutunnu af palli. Honum finnst eins og hendin sé að fara að klemmast milli tunna og kippir hendinni til og finnur þá mikinn verk í hendinni. Verður strax soldið bólginn. Svo í dag er hann að vinna og er að beita vi hendi þegar hann finnur aftur mikinn sting í upphandleggnum.“ Í tilkynningu vinnuveitanda um atvikið til Vinnueftirlitsins, tæpum fimm mánuðum eftir atvikið eða 17. ágúst 2016, er því lýst þannig að stefnandi

hafi verið að „færa til olíutunnu þegar tunnan fellur til baka og þá ætlar A að halda við tunnuna en fær slink á handlegginn og við það hefur hann rifið vöðva“. Í sjúkradagpeningavottorði, dags. 27. janúar 2017, er atvikinu lýst svo: „Þungur burður í vinnu og fékk skyndilega verk.“ og í læknisvottorði, dags. 3. maí 2017, segir svo: „A fékk skyndilegan verk í við öxl við vinnu sína við að hreyfa tunnu. Hann fór strax samdægurs á Slysadeild og var skoðaður þar og staðfest bæði með ómun og rtg [...]“.

Þessi frumgögn bera sum með sér að áverki stefnanda hafi komið í kjölfar mikillar áreynslu á vinstri handlegg sem verður við það að stefnandi þarf að halda á móti þunga tunnunnar sem er við það að falla. Af þessum gögnum verður ekki ráðið að spýta í brettinu hafi brostið og valdið því að tunnan féll, eins og byggt er á í stefnu og lagt er til grundvallar í forsendum matsgerða sem liggja fyrir í málinu og byggjast á skýringum stefnanda á atvikinu. Þá verður að leggja til grundvallar það sem fram kom í skýrslu stefnanda fyrir dómnum þar sem hann segir sjálfur að „sennilega“ hafi komið brestur í spýtuna og enn fremur því að hann hafi ekki skoðað það sérstaklega eftir atvikið hvort spýta hefði brotnað í brettinu, auk þess sem hann kvaðst ekki hafa sagt vinnuveitanda sínum sérstaklega frá því eftir atvikið að spýtan hefði sennilega brotnað.

Eins og atburðarás hefur hér verið lýst og kemur fram í frumgögnum málsins svo og skýrslu stefnanda fyrir dómnum telur dómurinn að staðhæfing stefnanda um að atvikið megi rekja til þess að spýta hafi brotnað í brettinu sé ósönnuð. Þá getur dómurinn ekki fallist á að þeirri atburðarás að tunnan taki að hallast, þegar stefnandi er að velta henni til, megi jafna til utanaðkomandi atburðar í skilningi skilmála slysatryggingarinnar. Er þá litið til þess að meiðsli, sem verða við það að taka á móti þungum hlut eða eitthvað gefur sig í líkamanum við áreynslu, hafa í dómaframkvæmd ekki verið talin slys í skilningi slyshugtaksins, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 37/2005, frá 2. júní 2005. Þetta gildir jafnvel þó að um frávik sé að ræða frá því verklagi sem stefnandi hafði áður viðhaft.

Samkvæmt framansögðu er því hafnað að líkamstjón það sem stefnandi hlaut umrætt sinn hafi orðið vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi greinar 1.4 í váttryggingarskilmálum stefnda. Það er því mat dómsins að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi greinarinnar. Þá verður ekki talið að ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands, frá 7. desember 2016, um að greiða stefnanda bætur úr slysatryggingum

almannatrygginga hafi þýðingu fyrir úrlausn þessa máls. Samkvæmt framansögðu er stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að hvort málsaðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Dómsmálaráðuneytið veitti stefnanda gjafsóknarleyfi 9. apríl 2019. Gjafsóknarkostnaður hans greiðist því úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hans, Hildar Helgu Kristinsdóttur, 900.000 krónur.

Hildur Helga Kristinsdóttir lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Hjörleifur B. Kvaran lögmaður flutti málið af hálfu stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan, ásamt meðdómsmönnum Ingibjörgu Þorsteinsdóttur héraðsdómara og Torfa Magnússyni taugalækni.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, A.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. m. t. þóknun lögmanns hans, 900.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ragnheiður Snorradóttir

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Torfi Magnússon